

Fundargerð 328. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur:	Þriðjudagur 21. október 2025
Fundartími:	17:00-17:26
Fundarmenn:	Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar Oddviti óskaði eftir því að bæta við dagskrá fundar máli er varðar aðalskipulagsbreytingu í Ölvisholti 4A L229601. Samþykkt að bæta því við undir lið 1. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Ölvisholt 4A L229601; Textabreyting vegna breyttrar notkunar brugghúss; Aðalskipulagsbreyting – 2510038

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skika Ölvisholt 4A L229601. Breytingin felur í sér breytingu á greinargerð en þar stendur að á staðnum er rekið brugghús og fyrirhugað er að hefja veitingarekstur. Eftir breytingu stendur að fyrrverandi brugghúsi verður breytt fyrir veitingasölu og gistirými.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Sveitarstjórn fer fram á grenndarkynningu vegna málsins og verður niðurstaða sveitarfélagsins einnig auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 311, dags. 08.10.2025:

a) Ölvisholt 4A L229601; byggingarleyfi; bjórstofa mhl 01 – breyting á notkun – 2510001

Móttekin var umsókn þann 01.10.2025 um byggingarleyfi til að breyta 967,4 m² bjórstofu í gistiheimili, með verslun og veitingar á viðskipta- og þjónustulóðinni Ölvisholt 4A (L229601) í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindinu verði hafnað þar sem að það samræmist ekki aðalskipulagi Flóahrepps. Skipulagsnefnd bendir á að forsendan fyrir erindinu sé að gerð verði breyting á aðalskipulaginu.

Í ljósi þess að umsókn um óverulega breytingu á aðalskipulagi og gögn því tengdu bárust eftir fund skipulagsnefndar þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð umsókn um byggingarleyfi fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og samþykki Skipulagsstofnunar á óverulegri breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til skika Ölvisholt 4A L229601. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Afgreiðslur byggingafulltrúa nr. 236, dags. 15.10.2025

Lagðar fram til kynningar.

4. Ósk um umsögn sveitarstjórnar um lögbylisrétt – Egilsstaðakot 4

Fyrir liggur ósk um umsögn sveitarstjórnar, dags. 15.10.2025, um heimild til stofnunar lögbýlis í Egilsstaðakosti 4 F2536244 (L238510). Fyrir liggur uppdráttur af viðkomandi landi. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í áform umsækjenda um stofnun lögbýlis í Egilsstaðakoti 4 og gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlis sbr. 17. gr. jarðarlaga nr. 81/2004.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá verkefnastjóra farsældarráðs á Suðurlandi – Drög að samstarfsyfirlýsingu

Fyrir liggja drög að samstarfsyfirlýsingu frá verkefnastjóra farsældarráðs á Suðurlandi sem gert er ráð fyrir að skrifað verði undir á ársþingi SASS sem haldið verður á Kirkjubæjarklaustri síðar í vikunni. Markmið samstarfsins er að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Suðurlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Jafnframt mun farsældarráð vinna að því að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barna sé leiðarljós í stefnumótun og framkvæmd þjónustu í landshlutanum. Sveitarstjórn Flóahrepps felur Huldu Kristjánsdóttur sveitarstjóra að skrifa undir samstarfsyfirlýsinguna fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá ÖBÍ réttindasamtökum – Biðtími eftir NPA þjónustu

Fyrir liggur bréf til sveitarfélaga þar sem ÖBÍ réttindasamtök óska eftir upplýsingum um umfang biðlista eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem sveitarfélög veita á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningaþarfir. Sveitarstjórn Flóahrepps felur deildarstjóra velferðarþjónustu að svara erindinu fyrir hönd Flóahrepps eigi síðar en 1. nóvember.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Viðauki V við fjárhagsáætlun 2025 – Fjárfestingar ársins

Fyrir liggur viðauki V við fjárhagsáætlun 2025 vegna breytinga á fjárfestingaáætlun ársins. Breytingin felst að mestu í því að ekki er gert ráð fyrir nema hluta af framkvæmdum við íbúðarbyggð við Þingborg á yfirstandandi ári og ekki hefur verið farið af stað í gatnagerð á nýju svæði í Heiðargerði. Hækka þarf upphæð vegna framkvæmda á skólalóð þar sem farið var í jarðvinnu og frágang vegna færslu á körfuboltavelli við Flóaskóla og aðrar lagfæringar á skólaóðinni. Einnig færðust framkvæmdir á útikennslusvæði við Flóaskóla yfir á árið 2025 en til stóð að klára það á árinu 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka V við fjárhagsáætlun 2025. Viðauki gerir ráð fyrir hækkun á handbæru fé sem nemur 109 milljónum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 327, dags. 07.10.2025
- b) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 128, dags. 25.09.2025
- c) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 19, dags. 29.09.2025
- d) Stjórnar SASS nr. 627, dags. 26.09.2025
- e) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 88, dags. 06.10.2025
- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 984, dags. 10.10.2025
- g) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs dags. 24.09.2025 og 13.10.2025

9. Efni til kynningar

- a) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar:
Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 81. mál
Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða, 153. mál
- b) Umsögn Flóahrepps vegna frumvarps til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

- c) Umsögn landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011
- d) Áskorun til innviðaráðherra dags. 02.10.2025
- e) Frá Kvenréttindafélagi Íslands – Kvennaverkfall 50 ára
- f) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Kvennaverkfall
- g) Frá Byggðastofnun – Byggðaráðstefnan 2025 4. nóvember
- h) Frá Vegagerðinni – Vegir og hleðslustöðvar
- i) Frá Vegagerðinni – Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 7. nóvember
- j) Frá Vegagerðinni – Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Vatnsholti 1 D L232033
- k) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Ráðstefna ungmennaráða sveitarfélaga
- l) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Framlag ríkisins 2025, börn með fjölpættan vanda
- m) Frá Tónlistarskóla Árnesinga – Hátíðartónleikar Laugarvatni 15. nóvember
- n) Frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands – Syndum – landsátak í sundi
- o) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 4. nóvember kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)
 Walter Fannar Kristjánsson (sign)
 Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
 Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
 Harpa Magnúsdóttir
 Hjalti Guðmundsson
 Hulda Kristjánsdóttir
 Walter Fannar Kristjánsson